

## Fundur í nemendaráði 28. október kl. 8:20

Mættir: Anton, Ólafur, Ronja, Arnþór, Oddur, Aldís, Alda, Ísabella, Erna. Sigga Lára, Árdís, og Helga Harðar.

Eitt mál á dagskrá – sáttmáli um sparkvöll.

Sparkvöllur Heiðarskóla

Sáttmáli

- Við spilum fótbolta á fótboltavellinum, má þó fara í HM eða BENNÓ ef nemendur eru færri en 10.
- Allir nemendur skólans mega spila fótbolta í morgunfrímínútum.
- Nemendur á mið- og unglingastigi mega spila fótbolta í 11 frímínútum.
- Nemendur á yngsta stigi mega spila fótbolta í hádegisfrímínútum.
- Við förum með jákvæðu hugarfari inn á völinn.
- Við skiptum í sanngjörn aldursblönduð lið.
- Við forðumst tudd og leiðindi og förum út af vellinum ef við brjótum alvarlega á öðrum.
- Leikurinn hættir um leið og bjallan hringir.
- Við förum inn með boltann.

Sáttmálinn samþykktur til reynslu fram að næsta fundi.

Fundi slitið kl. 8:50

## Fundur í nemendaráði 30. septmeber 2019

Mættir: Oddur – 5. bekk, Aldís – 6. bekk, Arnþór – 7. bekk, Ólafur og Alda – 8. bekk, Anton og Ísabella – 9. bekk, Erna og Ronja – 10. bekk.

- Nýir fulltrúara nemendaráðs boðnir velkomnir.
- Kynning á hlutverki nemendaráðs; Standa vörðu um félags-, hagsmuna og velferðarmál nemenda í skólanum.
- Samvinna við félagsmiðstöðina rædd, ráðið væri til í að fá kynningu frá félagsmiðstöðinni inn á fund.
- Lyklamál, borið hefur á því að lyklar sem geymdir eru í skápum eru að hverfa. Umræður um að skapa menningu þar sem samnemendur sýna skólafélögum þá virðingu að láta annarra manna hluti í friði. Skoðum þetta aftur á næsta fundi, ef málið hefur ekki lagast

verða settar strangari reglur í unglingadeild varðandi drykkjar-, salernis og pásuferðir úr tímum. Þar fyrir utan eru læsingar og lykklar orðin lúin og kominn tími til að endurnýja. Skólastjóri skoðar þau mál.

- Umræður um að stytta föstudaga í skólanum. Málið rætt en ekki talin ástæða til að gera neitt í málinu.
- Fótboltavöllur, umræður um að hafa ákveðna daga fyrir yngsta stig og aðra daga fyrir mið- og unglingastig. Ákveðið að fresta umræðum til næsta fundar.
- Vandamál með bolta og leikföng, sumt fer með læknum og týnist þannig og stundum eru nemendur ekki að ganga frá því sem þeir eru að nota. Ákveðið að nemendaráð fari í alla námshópa og hvetji nemendur til að fara vel með það sem við eigum og ganga frá á rétta staði.
- Ýmsar óskir frá miðstigi; fá fleiri rólur og körfurólu á skólalóðina, vegasalt fyrir yngri krakka, meira af ávöxtum og grænmeti með matnum. Sitt sýnist hverjum, umræður í ráðinu um að sumum finnst of mikið af grænmeti með matnum. Talið ólíklegt að fá tæki á skólalóð nema farið yrði í alls herjar endurskipulagningu á skólalóðinni.
- Klukkur, setja þarf upp klukkur í búningssklefum sem útskriftarargangur 2019 gaf skólanum á skólastlitum. Endurstilla þarf klukkur sem ganga rangt.

Fundi slitið